

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 7. gr. samþykktar um söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

2. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið að sorpgjald í þéttbýli á hvert heimili verði kr. 29.500 og kr. 17.800 á hvert heimili í dreifbýli Borgarbyggðar. Auk þess hefur sveitarstjórn ákveðið að sorpgjald frístundahúsa verði kr. 11.300.

Fyrir hvert aukasorpilát í þéttbýli skal greiða gjald vegna söfnunar og förgunar á sorpi kr. 14.750.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku- og flokkunarstöðvar í Borgarnesi (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við byggingarvísitölu um hver áramót. Neðangreint verð miðast við grunnvísitölu í desember 2009.

Brotamálmar	kr. 1.652 pr. m ³
Brotamálmar	kr. 6,30 pr. kg
Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva)	kr. 7.950 pr. stk.
Timbur	kr. 1.328 pr. m ³
Grófur úrgangur (grjót, gler, garðaúrgangur, jarðvegur o.s.frv.)	kr. 931 pr. m ³
Pappír (ekki bylgjupappi)	kr. 2.322 pr. m ³
Blandað pressanlegt sorp	kr. 2.510 pr. m ³

Í ofangreindri gjaldskrá er reiknað með að komið sé með flokkað sorp á gámastöðina. Ef ekki er forflokkað greiðist 20% álag ofan á ofangreint verð.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar getur gefið út klippikort með eða án afsláttar vegna gjaldheimtu á ofangreindri þjónustu.

Íbúar geta komið með allt að tveimur rúmmetrum af úrgangi frá heimilum á dag án þess að greitt sé fyrir.

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun á úrgangi á gámastöðinni.

Tekið er á móti spilliefnum án endurgjalds.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 128/2009.

Borgarnesi, 21. janúar 2010.

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri.